

dags og kr. 250,00 í málskostnað. Sjóveðréttur í m/b Minnie verður ekki tildæmdur fyrir þessum upphæðum, þar sem hans hefir ekki verið krafizt.

Miðvikudaginn 16. jan. 1935.

Nr. 96/1934. **Eggert Claessen** (Sjálfur)
 gegn

bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h.
bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Lóðargjald.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 8. dez. 1933: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi, og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Efir 1. gr. laga nr. 36/1924 skal fá fé það, sem þarf til að standa straum af útgjöldum Reykjavíkurkaupstaðar, meðal annars með því „að leggja gjald á allar fasteignir í lögsagnarumdæminu“, og tekur fasteignagjaldsskyldan því til allra fasteigna innan lögsagnarumdæmisins, nema þær séu undanteknar eftir 1. málgr. 3. gr. laga nr. 36/1924 eða lögum nr. 44/1926. Með lögum nr. 69/1931 var fasteign sú, er í máli þessu greinir, lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur frá 1. jan. 1932, og þar með komst hún undir 1. gr. laga nr. 36/1924, og þar því að leggja á hana fasteignagjald til bæjarsjóðs. Um fasteign

Þessa hefir enginn samningur verið gerður milli áfrýjanda og bæjarstjórnar, né heldur hefir bæjarstjórn gert neina samþykkt um hana, er hér skipti máli, sbr. c-lið 2. gr. laga nr. 36/1924. Verður því að líta svo á, að gjald eigi að leggja á hana eftir hinu almenna ákvæði um gjald af lóðum í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur í b-lið 2. gr. oftnefndra laga, eins og gert hefir verið. Verður því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð eftir kröfu stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með því að Eggert Claessen hrm., til heimilis á Reynistað, hefir eigi fengizt til að greiða lóðagjald til bæjarsjóðs Reykjavíkur, kr. 99,00, fyrir árið 1932 og kr. 177,00 fyrir árið 1933 eða samtals kr. 276,00 hefir bæjargjaldkeri Reykjavíkur krafizt lögtaks á lóðagjöldunum, en gerðarþoli hefir mótmælt því að lögtakið næði fram að ganga og hefir ágreiningurinn verið lagður undir úrskurð fógeta-
réttarins.

Gerðarþoli byggir neitun sína um greiðslu gjaldsins á því, að lagagrein sú, sem lóðagjald til bæjarsjóðs Reykjavíkur byggist á, sem sé 2. gr. laga nr. 36/1924 geti ekki átt við þegar svo stendur á sem hér. Hann kveðst hafa keypt hluta úr jörðinni Skildinganesi árið 1923, bæði tún, útihús og bæjarhús, sem voru tvíbýlishús og kveðst ekkert hafa byggt þar síðan nema viðbyggingu við íbúðarhús og útihús.

Jarðarhluti þessi hafa síðan með stjórnarráðsleyfi verið gerður að einni jörð undir nafninu Reynistaður. Jörðin hafi síðan verið eins og hver önnur jörð í Seltjarnar-

neshreppi þangað til jörðin Skildinganes hið forna var lagt undir Reykjavíkurborg með lögum nr. 69/1931, frá 1. jan. 1931 að telja. Heldur gerðarþoli því þess vegna fram, að fyrrgreind lög nr. 36/1924 geti alls ekki gilt um jörð sína Reynistað og þess vegna sé engin lagaheimild fyrir þessu gjaldi, sem krafði er um.

Til vara hefir gerðarþoli mótmælt hinu umkrafða gjaldi, sem allt of háu, þar sem það sé lagt á samkvæmt B. lið 2. gr. fyrrnefndra laga, sem ræðir um lóðir, sem bæjarstjórnin hafi ekki ætlað til annara afnota en byggingarlóða, en bæjarstjórnin hafi ekki gert neina samþykkt eða samning hér að lútandi, enda væri það næsta hjákátlegt þar sem hér er um að ræða jörð í sveit með túni og útjörð og gjaldið lagt á allt landverð jarðarinnar skv. síðasta fasteignamati. Gerðarþoli tekur það og fram, að ekki liggi fyrir neinn samningur við bæjarstjórn eða samþykkt af hennar hálfu, sem geti verið grundvöllur fyrir álagningu gjalds samkvæmt C. lið nefndrar lagagreinar.

Gerðarbeiðandi hefir aftur á móti haldið því fram, að gjaldið sé rétt lagt á samkvæmt B. lið 2. gr. laga nr. 36/1924, en samkv. 1. gr. laganna séu allar fasteignir í lög-sagnarumdæminu skattskyldar með þeim takmörkunum, er í 3. gr. segir. Það skipti engu máli þótt hér sé um jörð eða jarðarhluta að ræða, sem ekki hafi verið innan lög-sagnarumdæmis Reykjavíkur er lögin voru sett. Það hafi oft áður og eftir komið fyrir, að heilar jarðir hafi verið innlimaðar í Reykjavík og eigendur þeirra þá verið skyldir að greiða fasteignagjald af jörðunum. Ef þessi fasteign ætti að vera undanþegin gjaldi, þá þyrfti til þess lagafyrirmæli. Því hefir ekki verið mótmælt, að gjaldið sé rétt útreiknað samkv. B. lið 2. gr. laganna.

Samkvæmt því, sem fram hefir komið í málinu verður ekki annað séð, en að gerðarþoli sé gjaldskyldur fyrir umrætt land samkv. B. lið 2. gr. laga nr. 36/1924, og sé því ekki unnt að taka hin framkomnu mótmæli gegn framgangi gerðarinnar til greina.